

Fundur NOS

haldinn í Hveragerði þriðjudaginn 20. mars 2018 kl. 15:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Árni Eiríksson, Eydís Indriðadóttir, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Valtýr Valtýsson og Gunnsteinn R. Ómarsson. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Fundurinn hófst á skoðunarferð um húsakynni Skóla- og velferðarþjónustu.

1. Ársreikningur 2017

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls fyrir árið 2017 lagður fram. Heildarvelta starfseminnar var 88,16 m.kr., þ.a. laun og annar starfsmannakostnaður 65,88 m.kr., skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 4,93 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 16,05 m.kr.

Ársreikningurinn staðfestur með undirritun NOS.

2. Önnur mál

- Rætt um fyrirkomulag ART verkefnisins. Í ljósi öflugssamstarfs sveitarfélaganna sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls telja fulltrúar í NOS rekstur ART verkefnisins geti farið mjög vel með þeirri starfsemi. NOS óskar eftir viðræðum við stjórn SASS um rekstur ART verkefnisins í ljósi tillögu velferðarnefndar SASS frá aðalfundi 19. og 20. október 2017: „Velferðarnefnd leggur til við stjórn SASS að kanna hvort einhver af þeim þremur félags- og skólaþjónustum á þjónustusvæði ART verkefnisins sjái sér fært að taka að sér rekstur verkefnisins til framtíðar.“
- Mögulega er þetta síðasti fundur NOS á þessu kjörtímabili og þökkðu fulltrúar gott samstarf og góðar veitingar sem fengnar voru frá Almari bakara.
- Samþykkt að forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu boði til fyrsta fundar NOS að afloknum sveitarstjórnakosningum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari